

um frumvarp til laga um breyting á lögum um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.

Vér, sem hin háttv. neðri deild Alþingis kaus í nefnd til þess að at-
huga ofanritað frumvarp, höfum orðið sammála um að leggja það til að háttv.
deild samþykki það; en þó með nokkrum verulegum breytingum, sem vér
viljum láta gera á því.

Tvö eru þau meginatriði frumvarps þessa, sem vér getum ekki að-
hylst. — Er annað þeirra það, að vikja frá þeim grundvelli, sem lögin frá 30.
júli 1909 eru byggð á, persónulegu gjaldi eða nefnskatti til kirkju og prestlauna-
sjóðs, og breyta því nú að háltu leyti í niðurjöfnunargjald eftir eignum og á-
stæðum. Fyrir slíkri breytingu sjáum vér ekki nein veruleg rök. Og þótt
einstöku óskir hafi komið fram um það, að slík breyting yrði gerð, þá álitum
vér að hún mundi, yfir höfuð að tala, ekki reynast vinsæl, auk þess sem slík
niðurlögn mundi mjög víða reynast lítt framkvæmanleg svo í lagi væri.

Hitt meginatriði frumvarpsins, sem vér ekki viljum fallast á, er það,
að undanþiggja þá öllu gjaldi til kirkju og prestlaunasjóðs, sem telja sig utan
þjóðkirkjunnar, án tillits til þess, hvort þeir gjalda nokkuð eða ekkert til
annars löglegs kirkjufélags á landinu; oss virðist sem slíka undanþágu, ef til
væri, mætti skoða sem nokkurskonar hvatning frá löggjafarvaldsins hálfu til
óráðinna og athugalitilla manna í kirkjulegum eignum, sem nóg er til af, til
þess að segja sig úr þjóðkirkjunni, þar eð þeir með því einu gætu leyst sig
undan talsverðum útgjöldum, án þess nokkuð komi í staðinn. Og auk þess
sem slík ákvörðun yrði að teljast hartnær ósamrýmanleg því sambandi ríkis
og kirkju, sem enn á sér stað, þá mundu afleiðingar hennar vera með öllu
óútreiknanlegar, og ekki með neinu móti unt að gera áætlun um það tap,
sem prestlaunasjóður og hinar einstöku kirkjur kynnu af henni að bíða.
Aftur á hinn bóginn getur oss eigi annað virzt, en að eðlilegt sé, að dauf-
dumbir menn og fábjánar séu undanþegnir slíku gjaldi, sem hér um ræðir,
svo sem þeir, er ekki geti haft, af ósjálfráðum ástæðum, full not prests og
kirkju. — Sama er og að segja um gamalmenni, að þau eiga vegna afturfarar
og eðlilegrar hrörnunar, í flestum kringumstæðum, erfitt með að hafa fullkomin
not af presti og kirkju, en hafa um langt æfiskeið galdið til hvors tveggja.
Þykir oss því hæfa, að nokkurt tillit sé haft til þess, og leggjum þess vegna
það til, að þeir séu undanþegnir umræddu gjaldi, sem orðnir eru 75 ára að
aldri.

Sú skerðing á tekjum prestlaunasjóðs, sem þessar undanþágur munu
valda, nema fyrirsjáanlega svo litilli upphæð, að ekki virðist horfandi í að
gera þær og afla lögunum þar með frekari vinsælda meðal almennings.

En jafnframt því að slíkar breytingar yrðu gerðar, teljum vér nauð-
synlegt að nánara verði ákveðið við hvern dag gjaldskylduna skuli miða heldur
en nú á sér stað í nefndum lögum frá 30. júlí 1909 um sóknargjöld, og leggj-
um þess vegna það til að 11. gr. nefndra laga verði breytt í það horf, er taki
af öll tvímæli í þeim eignum.

Breytingar þær, sem vér leggjum til að gerðar verði á frumvarpinu,
eru því, samkvæmt framansögðu, þessar:

1. Inngangurinn orðist svo:

Í stað 2. gr., 7. gr., 8. gr. og 11. gr. komi:

2. Í stað 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Hver maður 15—75 ára að aldri, hvort heldur karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestlaunasjóð, 1 kr. 50 aura á ári. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju, eigi minna en svarar 2 kr. 25 aur. fyrir hvern safnaðarlim 15—75 ára að aldri. Ennfremur eru undanþegnir gjaldi þessu allir daufdumbir menn og fábjánar.

3. Við 2. gr.:

Í stað 16—66 ára komi: 15—75 ára. Á eftir orðunum í fjórðu málsgrein »og safnaðarfundur« komi: og héraðsfundur.

4. Við 3. gr.:

Í stað 16—70 ára komi: 15—75 ára.

5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr. svo hljóðandi:

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðarins 1. des. það ár til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda, enda sé gjaldheimtan miðuð við hið löglega heimili mannsins þann dag og aldur hans á næsta nýári á undan.

6. 4. gr. verður 5. gr.

Alþingi, 31. marz 1911.

Eggert Pálsson,
skrifari og framsögumaður.

Pétur Jónsson.

Hálf dán Guðjónsson.

Þorleifur Jónsson.

Með verulegum fyrirvara

Sigurður Sigurðsson,
formaður.